

Sb.

196. Tillaga til þingsályktunar

um samninga við verkalýðssamtökin um vinnutíma í vega- og brúavinnu.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Sigurður Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka hið fyrsta upp samninga við Alþýðusamband Íslands um, að upp verði tekinn 10 stunda vinnudagur í vega- og brúavinnu í landinu.

Greinargerð.

Á s. l. vori varð það að samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, að 8 stunda vinnudagur í allri vega- og brúavinnu skyldi koma til framkvæmda þar, sem slík ákvæði eru í kaupsamningum verkalýðsfélaga, en það ákvæði mun nú vera í samningum nær allra verkalýðsfélaga landsins.

Með þingsályktunartillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til, að reynt sé að ná samkomulagi um að fá þessu breytt og 10 stunda vinnudagur tekinn upp á ný við þessi störf. Reynslan hefur sýnt, að 8 stunda vinnudagur hentar mjög óvíða í vega- og brúavinnu. Verkamenn vinna þessi störf flestir fjarri heimilum sínum og verður því lítið úr hinum langa hvíldartíma, en bera hins vegar minna úr bítum en ella. Enn fremur var þessi stytting vinnutímans sérstaklega óheppileg á s. l. sumri, þar sem mannaflí til ýmissa nauðsynlegra vega- og brúaf framkvæmda var víða mjög af skornum skammti.

Meðal margra vegavinnuverkamanna er 8 stunda vinnudagurinn mjög óvinsæll. Til marks um það er sú staðreynd, að vegamálastjórninni bárust á s. l. sumri áskoranir frá nær 700 verkamönnum um breyting í þessum efnunum. Fyrir kom, að heilir flokkar vegavinnnumanna neituðu að fara til vegagerðar uppi á heiðum vegna hins stutta vinnutíma og þar af leiðandi tekjuskerðingar. Leiddi það svo aftur til þess, að ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir hafa tafizt og þokað lítt áleiðis.

Þvi fer fjarri, að flm. þessarar tillögu vilji með flutningi hennar snúast gegn 8 stunda vinnudegi yfirleitt. Hér er aðeins farið fram á, að samið sé um lagfæringu í þessum efnunum þar, sem auðsætt er, að 8 stunda vinnudagur á ekki við, og reynslan hefur sannað, að hann er óheppilegur, i senn fyrir verkamennina sjálfa og þjóðarheildina, sem þarf að fá ákveðnum, nauðsynlegum framkvæmdum lokið.

Að lokum er hér birtur kafli úr bréfi vegamálastjóra til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 1. okt. s. l. Kemur þar fram álit vegamálastjóra og yfirlýsing um það, hvernig 8 stunda vinnudagurinn hafi reynzt á s. l. sumri í þeirri vinnu, sem hér hefur verið rætt um.

Í niðurlagi bréfs vegamálastjóra segir svo:

„Reynsla þeirrar nýbreytni varð sú, að nær allir verkamenn fjarri heimilum sínum urðu óánægðir með þessa tilhögun og kröfðust 10 stunda vinnudags, svo sem verið hafði, og leiddi ráðstöfun þessi til verulegs frávarfs verkamanna frá þessum störfum. Af þessu leiddi og mikið óhagræði fyrir verk þau, sem unnið var að, einkum þar, sem langt var á vinnustað, en svo hagar víða til við aðgerðir vega bæði í byggð og á fjöllum uppi.

Virðist reynsla benda ótvírætt í þá átt, að breyta beri tilhögun vinnu við vega-gerðir, þannig að taka aftur upp 10 stunda vinnudag, t. d. frá byrjun maí til septemberloka.“